



Um misskilning um launavísitöluna

Sú kenning hefur verið sett fram að skýringin á mikilli hækkun launavísitölunnar á síðustu mánuðum sé að lægra launaðir hópar hafi dottið út af vinnumarkaði og herra launaðir hópar vegi því meira í nýjustu mælingum. Þessi kenning byggir á misskilningi á því sem launavísitölunni er ætlað að mæla. Launavísitalan er verðvísitala sem mælir kostnað á vinnustund og hún gerir það með þöruðum hætti, þ.e. að einungis þeir eru mældir sem eru til staðar bæði í upphafi og lok mælingartímabils. Sé það tilvikið að laun séu almennt að hækka vegna þess að lægra launaðir hópar detti út kæmi sú hækkun til viðbótar við þá hækkun sem launavísitalan mælir.

Breytingar af þessu tagi mætti sjá í vísitölu heildarlauna, sem er önnur launamæling sem Hagstofan framkvæmir. Hluti umræðunnar um launavísitöluna á undanförunum vikum sýnir því greinilega að einhverjir misskilja hvað veldur athyglisverðri þróun hennar.


Mikil hækkun við óeðlilegar aðstæður

Í október hafði launavísitalan hækkað um 7,1%, á síðustu 12 mánuðum þar á undan sem er mesta ársbreyting frá því í apríl 2018. Ársþækkunartaktur launavísitölunnar var rúmlega 4% allan seinni hluta ársins 2019, en hefur verið vel ofan við 6% allt frá því í apríl. Hvað sem mönnum kann að finnast er þessi mikla hækkun launavísitölu óneitanlega dálítið sérstök miðað við stöðu hagkerfisins og þann mikla slaka sem hefur verið á vinnumarkaði síðustu mánuði.

Paraður samanburður skiptir miklu


Það er algert grundvallaratriði að útreikningur launavísitölunnar byggir á þöruðum samanburði sem þýðir að breyting launa er mæld á milli samliggjandi tímapunkta hjá fastri einingu, þ.e. sama einstaklingnum, sem er algeng aðferð við gæðaleiðréttingar verðvísitalna. Í sérlögum um launavísitöluna kemur fram að launavísitalan eigi að sýna launabreytingar fyrir fastan vinnutíma. Ekki er ætlast til að breytingar á vinnutíma og samsetningu hans hafi áhrif á launavísitölu nema um sé að ræða samningsbundnar breytingar sem jafna má við launabreytingar.

12 mánaða hækkunartaktur launa



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Meginhluti breytinga innan ramma kjarasamninga

Ætla má að nær allar þær breytingar sem hafa hækkað launavísitöluna á síðustu mánuðum séu innan ramma kjarasamninga. Oft hefur vísitalan hækkað vegna spennu á vinnumarkaði og umframeftirspurnar eftir ákveðnum störfum, en því er ekki til að dreifa nú. Líklegar ástæður mældra hækkana nú eru að ýmsar álagsgreiðslur hafi verið hærrí en mánuðina á undan. Þá hefur einnig verið bent á auknar bónusgreiðslur auk þess sem augljóst er að nokkrir nýlega gerðir kjarasamningar, sumir afturvirkir, hafa hækkað vísitöluna.

Allar þessar ástæður eru innan ramma kjarasamninga. Þessu til viðbótar má nefna tvo þætti sem hafa skipt máli á árinu 2020 og eiga eftir að skipta miklu máli á næstu mánuðum. Þar er um að ræða styttingu vinnutímans og lengingu orlofs. Báðir þessir þættir fela í sér minna vinnuframlag á móti sömu launum.

Stytting vinnutíma og lenging orlofs hækka launavísitölu

Nú um áramótin verður um töluverða vinnutímastyttingu að ræða samkvæmt ýmsum kjarasamningum opinberra starfsmanna og síðar á árinu kemur til framkvæmda vinnutímastytting vegna vaktavinnu. Þá hefur verið samið um lengingu orlofs fyrir ýmsa hópa. Breytingar af þessu tagi munu væntanlega leiða til hækkunar á launavísitölu, jafnvel þó launagreiðslur hækki ekki. Verðið fyrir vinnustundina hækkar og þar með hækkar launavísitalan.


Frá nóvember 2019 fram til apríl 2020 hækkaði launavísitalan um 4,8% og það var mat Hagstofunnar að 0,7% þeirrar breytingar hafi komið til vegna vinnutímastyttingar á almennum markaði. Launavísitalan hefði því hækkað um 4,1% á þessu tímabili hefði vinnutímastytting ekki komið til.

Aðrar launavísitölur Hagstofunnar


Hagstofa Íslands birtir einnig aðra mælikvarða á breytingar launa. Þar er t.d. um að ræða vísitölu heildarlauna og breytingar á meðallaunum og þar að auki gefa breytingar á atvinnutekjum einnig vísbendingar um launabreytingar.

Vísitala heildarlauna er þannig mat sem byggir á staðgreiðsluskyldum launum og áætlunum um

Launavísitala og vísitala heildarlauna



Breyting tveggja launamælinga frá sama tíma á síðasta ári





greiddar vinnustundir út frá launarannsókn Hagstofunnar. Sú vísitala er birt ársfjórðungslega og eru breytingar hennar yfir lengri tíma ekki mjög frábrugðnar breytingum á launavísitölunni. Nýjustu tölur um vísitölu heildarlauna eru frá 2. ársfjórðungi í ár og þar er reyndar ekki að finna neinn stuðning við þá kenningu að laun séu að hækka vegna þess að lægra launaðir hópar hverfi af vinnumarkaði. Vísitala heildarlauna hefur lækkað miðað við síðasta ár allt frá 3. ársfjórðungi 2019 vegna þess að tekjur eru almennt að lækka, m.a. vegna styttri vinnutíma og aukins atvinnuleysis.

Mikið notuð, en gjarnan misskilin

Launavísitala Hagstofunnar er sá mælikvarði á launabreytingar sem er jafnan mest í umræðunni, enda birtast upplýsingar um hana mánaðarlega. En launavísitalan sýnir alls ekki breytingar meðallauna, þó það virðist vera algengur misskilningur.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.